

## 14. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 22. apríl 2020

### **Þátttakendur**

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Einar Kristjánsson, bæjarritari, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir: Daníel Arason, menningarfulltrúi, Matthías Freyr Matthíasson, íþrótt- og tómstundarfulltrúi og Héðinn Ólafsson, forstöðumaður íþróttamannvirkja.

### **Staðan almennt**

1.778 smit á landinu öllu þar af eru 351 virk smit og faraldurinn því sannarlega í rénum. 77 smit eru á Suðurnesjum. 34 eru í sóttkví á Suðurnesjum.

### **Sviðin hvert fyrir sig:**

#### **Skólinn:**

Ekkert bókað hér undir.

#### **Frístund**

Ekkert bókað hér undir.

#### **Leikskólinn**

Ekkert bókað hér undir.

### **Álfagerði**

Ekki lítur út fyrir að félagsstarf aldraðra muni hefjast að nýju fyrr en úi haust enda er það afstaða stjórnar. Varðandi opnun matsals verður tekin afstaða til þess þegar nær dregur 4. maí.

### **Íþróttamiðstöðin**

Það er þegar hafist handa við að undirbúa að starfsemi grunnskóla og leikskóla geti hafist þann 4. maí 2020. Starfsfólk mun einungis vera á dagtíma á meðan starfsemi þessara tveggja stofnana fer fram. Rætt var um að allt starfsfólk mæti á sama tíma.

### **Félagsmiðstöðin**

Félagsmiðstöðin mun hefja eðlilega starfsemi frá og með 4. maí og er jákvætt fyrir samfélagið að það gerist.

Ákveðið hefur verið að hafa grill þann 4. maí til að fá fólk til að mæta. Ætlunin er svo að kalla eftir tillögum frá nemendaráði til að fá tillögur að starfsemi í maí. Fyrirhugað er samstarf skóla og félagsmiðstöðvar sem snýr að starfi eldri nemenda.

### **Skrifstofan**

Ekkert bókað hér undir.

### **Umhverfideild**

Ekkert bókað hér undir.

### **Önnur mál**

Auglýsingar hafa borist sveitarfélaginu frá Almannavörnum og Menntamálaráðuneytinu og eru þær birtar á Covid síðu sveitarfélagsins.

Rætt um viðburði á vegum sveitarfélagsins og í ljósi þess að samkomubann miðast við 100 manns í júní að þá er hæpið að þeir verði en tekin verður nánari ákvörðun þegar nær dregur.

Málefni Fjölskyldudaga rædd en engin ákvörðun tekin. Hugað verður að nánari ákvörðun síðar.